

Reglugerð um þátttöku í fjölþjóðamótum erlendis

1. gr.

Þátttaka í fjölþjóðamótum er á ábyrgð STÍ og annast stjórn STÍ allan nauðsynlegan undirbúning, velur þátttakendur og fararstjóra og sér um greiðslu þátttökugjalds.

2. gr.

Verði því við komið, skulu stjórn STÍ og mótanefnd, leggja fyrir hvert reglulegt skotíþróttarþing tillögur til eins árs um þátttöku Íslands í fjölþjóðamótum.

3. gr.

Val í landslið er í höndum landsliðsþjálfara. Ef þjálfari er ekki fyrir hendi er val í landslið í höndum stjórnar STÍ.

4. gr.

Til að öðlast rétt til þátttöku í erlendu móti á vegum STÍ þarf keppandi að hafa náð viðunandi árangri samkvæmt mati landsliðsþjálfara, landsliðsnefndar og/eða stjórn STÍ.

5. gr.

Stjórn STÍ getur sett sérstakar reglur við val keppenda á ákveðin mót og gefur þær þá tímanlega út.